ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 30. desember 1976 — 41. árg. — 293. tbl.

Niðurstaða Hagstofu Íslands:

Dýrara að lifa úti á landi

Hagstofa Íslands hefur sent frá sér skýrslu um framfærslukostnað í þremur kaupstöðum og einu kauptúni úti á landi, og er skýrslan byggð á könnun á verðlagi, sem framkvæmd var í maímánuði s.l.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú, að framfærslukostnaðurinn sé um 5% hærri úti um land heldur en í Reykjavík.

Þessi könnun Hagstofunnar var gerð í samræmi við ályktun frá Alþingi, er þar var samþykkt þann 16. maí 1975. Í samráði við milliþinganefnd um byggðamál var ákveðið, að athugunin skyldi taka til eftirtalinna staða: Ísafjarðar, Akureyrar, Neskaupstaðar og Hvolsvallar.

Á þessum fjórum stöðum var kannað verðlag á flestum þeim vörum, sem tekið er mið af við útreikning á visitölu framfærslukostnðar, svo og verðlag á þjónustu.


Niðurstöður eru þessar sé húsliðurinn, sem erfitt er að meta með sæmilegu öryggi, ekki reiknaður með:

Á Ísafirði er framfærslukostn-

Framhald á 14. síðu

Hættuástand eykst enn þá við Kröflu

vegna jarðsigs sem búist er við að nái hámarki í byrjun janúar



Að tala um hættuástand við Kröflu fer kannski að virka á fólk líkt og sagt er frá í sögunni um strákinn, sem hrópaði „úlfur, úlfur". En sannleikurinn er sá að nú í byrjun janúar mun enn á ný skapast mikið hættuástand á Kröflusvæðinu, kannski meira en nokkru sinni síðan gaus í Leirhnjúk í fyrra.

Þetta er mat jarðeðlisfræðinga Orkustofnunar og kom fram í viðtali við Axel Björnsson, jarðeðlisfræðing, sem Þjóðviljinn átti í gær. Axel útskýrði þetta nánar:

Eins og menn muna var mikið landris við Kröflu sl. sumar, en land á svæðinu seig um 2 m þegar gaus í Leirhnjúk í fyrra. Við þetta landris myndaðist ákveðin spenna, sem orsakaði hina miklu jarðskjálfta sem þar urðu sl. sumar og haust. En síðast í september sl. varð aftur jarðsig og um leið dró úr jarðskjálftum.

Enn á ný tók land að rísa á svæðinu í október og hélst svo út mánuðinn með tilheyrandi jarðskjálftum. En í lok otkóber varð afturjarðsig og þá meira en í lok

Framhald á 14. síðu



LANDSPÍTALINN NIÐUR FYRIR HRINGBRAUTINA

Á þessari mynd sést hvernig framtíðarskipan byggingamála á Landspítalalóðinni er áformuð. Ofarlega fyrir miðju sjást hvítum lit núverandi byggingar á lóðinni, en með dökku eru sýndar á þessu líkani þær byggingar sem rísa eiga í framtíðinni, eða hafa þegar risið en ennþá ekki verið teknar í notkun.

Eins og sjá má mun Landspítalinn byggja veglega niður fyrir Hringbrautina, sem verður um leið færð neðar og aftur fyrir BSÍ. Slaufurnar til hægri liggja þar sem nú er Miklatorg. Gert er ráð fyrir því, að nýbyggingar Landspítalans myndi eina samfellda heild, þar sem hægt verður að sinna hinum fjölmörgu þáttum starfseminnar á skipulegan hátt við fullkomnar aðstæður. Eins og sjá má er stærsta viðbyggingin áföst við gamla Landspítalahúsið og teygir hún sig þaðan samfellt niður fyrir Hringbrautina.

—gsp

Ávísanamálið til saksóknara

Upphæð tékka 3 miljarðar

„Það er mitt mat, að ávísanamálið standi nú þannig, að rannsókn þess verði ekki haldið áfram án beins atbeina Ríkissaksóknara og hann verður að taka ákvörðun um hvort rannsókn verði haldið áfram og þá um leið hvaða stefnu skuli taka um áframhaldandi rannsókn, ellegar hvort rannsókn skuli hætt", sagði Hrafn Bragason, umboðsdómari í ávísanamálinu, á fundi með fréttamönnum í gær, eftir að hann hafði vísað málinu til Ríkissaksóknara.

Rannsóknin sem hófst í ágúst mánuði sl. hefur verið mjög umfangsmikil. Sem dæmi má nefna, að í heildartölvulistanum koma fyrir 90.000 tékkahreyfingar og upphæð þeirra tékka, sem í vinnslu eru nemur röskum 3 miljörðum króna, sem segir þó aðeins til um umfang rannsóknarinnar en ekkert annað.

Það hefur komið fram við yfirheyrslur, að þeir sem tengdir eru þessu ávísanamáli halda því fram að þeir hafi haft í sumum tilfellum skriflega og í öðrum tilfellum munnleg leyfi frá viðkomandi bönkum til útgáfu ávísana umfram umsaminn yfirdrátt sem margir stórir viðskiptamenn bankanna hafa.

Í sumum tilfellum hafa, bankarnir staðfest þetta, en í öðr-

Framhald á 14. síðu

Fæðingardeildin innlimuð í sérstaka kvennadeild

54 rúm á nýju deildinni gjörbreyta aðstöðunni

Í gær var formlega opnuð ný deild við Landspítalann og er það fyrsta sérstaka kvennadeildin sem stofnuð er við íslenskt sjúkrahús. Byggingarframkvæmdir hófust árið 1970 og var göngudeild tekin í notkun árið 1974, en síðan hafa kvenlækningadeildin, fæðingadeild, vökudeild nýfæddra barna og sængurkvennadeild tekið til starfa í þessari álmu, auk þess sem þrjár skurðstofurhafa verið teknar þar í notkun á efstu hæðinni.

Fæðingadeild Landspítalans tók til starfa í ársbyrjun árið 1949 og voru þar fimmtíu og þrjú rúm. Síðan hefur ekkert bæst við deildina fyrr en með tilkomu nýju kvennadeildarinnar, en á henni er rúm fyrir samtals fimmtíu og fjórar konur, sem ýmist liggja þá á fæðingadeild, sængurkvennadeild eða kvenlækningadeild.

Kvennadeild Landspítalans er búin fullkomnum tækjum sem ýmist hafa verið gefin af félagasamtökum eða keypt af opinberum aðilum. Óhætt er að fullyrða að aðstaða til hvers konar lækninga kvenna eða fæðingarhjálpar gjörbreytist, en eftir sem áður verður gamla deildin þó nýtt til fulls.

Á nýju deildinni verður einnig starfrækt sérstök vökudeild eða gjörgæsludeild nýfæddra barna, og verða þar rúm fyrir 14 börn. Sá rekstur er í raun hluti af Barnaspítala Hringsins.

Á kvenlækningadeildinni er fyrirhugað að hafa m.a. aðstöðu fyrir konur með bráða sjúkdóma eins og bráðabólgur í grindarholi, utanlegsþykkt, blæðingar vegna yfirvofandi fósturláts og annars þess háttar. Auk þess verður fengist við meðferð illkynja kven-



Fra formlegri opnum nýju kvennadeildarinnar í gær. —Ljósm. —eik.

sjúkdóma í grindarholi, framkvæmdar almennar kvenlækningar, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl. Auk þess mun þar fara fram kennsla læknanema, ljósmæðranema og hjúkrunarnema. Einnig verður þarna fengist við vísindastörf.

—gsp